



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

3. tbl. apríl 2014



## Meðal efnis:

Framtíðarstarfið	2
Starfsemi frístundaheimila	5
Vilja lækka kosningaaldur í 16 ár	7
Siðanefnd tekin til starfa	9
Innkaupapokar úr plasti bannaðir í Evrópu	10
Umsagnir	12

# Framtíðarstarfið – átaksverkefni um eflingu leikskólastigsins

Átaksverkefni um eflingu leikskólastigsins var hleypt af stokkunum 16. apríl sl. undir kjörorðinu Framtíðarstarfið. Átakið fer m.a. fram á Facebook og á vefsíðunni <http://framtidarstarfid.is/>, en þar eru m.a. að finna myndbönd með viðtölum við starfsmenn leikskóla og nema í leikskólakennarafræðum sem gefa upplýsingar um fjölbreytni leikskólastarfsins og námsleiðir.

Átakinu er ætlað að auka jákvæða ímynd leikskólastigsins og menntunarstig starfsmanna leikskóla með von um að fleiri sæki leikskólakennaranám svo nauðsynleg nýliðun megi verða meðal leikskólakennara. Það mun án efa skila sér í auknum gæðum í skólalastarfinu og fagmennsku og efla um leið leikskóla sem áhugaverða vinnustaði.



Áhugasamir eru hvattir til að heimsækja [heimasíðu verkefnisins](#) og „líka“ við [Facebook síðu](#) þess.



## Skólaheimsóknir frá Námsgagnastofnun

Starfsfólk Námsgagnastofnunar býður skólum um land allt að fá ritstjóra á kennarafundi til að kynna og spjalla um námsefni og námsefnisútgáfu. Skólastjórnendur í fámennum skólum eru hvattir til þess að taka sig saman um slíkar kynningar. Námsgagnastofnun hvetur skóla til að nýta sér þetta kostaboð og senda póst á [ellen@nams.is](mailto:ellen@nams.is) með dagsetningu og hugmynd um efni á kynninguna.



# SKÓLAMÁL

## Vel heppnuð fundaherferð um framtíðarsýn leikskólans



Frá fundi í Reykjanesbæ.

Miðvikudaginn 9. apríl sl. lauk fundaherferð um framtíðarsýn leikskólans en á grundvelli bókunar með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, vegna Félags leikskólakennara annars vegar og Félags stjórnenda leikskóla hins vegar, voru haldnir átta samráðsfundir, einn í hverjum landshluta, til að ræða sameiginlega framtíðarsýn leikskólans.

Á fundunum var unnið út frá fjórum sviðsmyndum þar sem gert var ráð fyrir að árið 2024 væru leikskólar á Íslandi framúrskarandi. Verkefni fundarmanna var að ræða hvað þeir teldu að þyrfti að gerast til að sviðsmyndirnar yrðu að veruleika. Með þessu móti gafst öllum

fulltrúum skólasamfélagsins tækifæri til að ræða stefnumótun á uppbyggilegum nótum. Er óhætt að segja að fundirnir hafi gengið mjög vel, verið vel sóttir og kröftugir. Afrakstur fundanna verður stefnuskjal sem er hugsað sem grundvöllur að framtíðarsýn leikskólans, með leiðum og aðgerðum um það hvernig leikskólastarfi verði best hagað með hagsmuni leikskólabarna að leiðarljósi.



Þau Haraldur Gíslason, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Björk Óttarsdóttir, Klara E. Finnbogadóttir og Ása Karín Hólm báru hitann og þungann af skipulagningu átaksverkefnisins.

## Yfirlærsla húsnæðis grunnskóla er undanþegin stimpilgjaldi




Sambandinu barst í lok mars bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem fram kemur sú túlkun ráðuneytisins að breyting á eignarhaldi skólahúsnæðis á grundvelli ákvæða í grunnskólalögum frá árinu 1995 teljist ekki eignayfirlærsla í skilningi laga um stimpilgjald, nr. 138/2013. Þessi túlkun ráðuneytisins, sem felur í sér stefnubreytingu frá árinu 2012 þegar sambandið sendi fyrirspurn til ráðuneytisins um sama mál, er fagnaðarefni

fyrir sveitarfélög. Einhver dæmi eru um að sveitarfélög hafi á síðustu árum verið krafín um greiðslu stimpilgjalds við þinglýsingu afsals fyrir eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði, sem á grundvelli áðurnefndra grunnskólalaga afskrifaðist í jöfnum áföngum á 15 árum frá yfirlærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Eðlilegt er að þau sveitarfélög kanni nú rétt sinn til endurgreiðslu þessa gjalds með vísan til bréfs ráðuneytisins.

# SKÓLAMÁL

## Morgunverðarfundur 12. maí um starfsemi frístundaheimila




*Er boðið uppá þjónustu frístundaheimila í sveitarfélaginu fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla?*

Starfsemi frístundaheimila í sveitarfélögum fyrir nemendur á grunnskólaaldri fer vaxandi. Þetta kemur fram í [nýrri könnun](#) sem sambandið sendi út til sveitarfélaga fyrir skemmstu vegna vinnu starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Verkefni starfshópsins snýst m.a. um að skoða hvort þörf sé á að setja ítarlegri ákvæði í löggjöf um starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Í könnuninni segja 92% svarenda að boðið sé upp á slíka þjónustu miðað við 75% árið 2009. Þá telja 2/3 hlutar svarenda æskilegt að mótaður sé miðlægur rammi um starfsemi frístundaheimila.


Þann 12. maí nk. mun starfshópurinn standa fyrir morgunverðarfundum í Hlíðunni, frístundamiðstöðinni í Gufunesbæ. Þar verða helstu niðurstöður skýrslunnar kynntar sem og önnur vinna starfshópsins. Meginhluti fundarins verður hins vegar lagður undir starf umræðuhópa þátttakenda. Óskað verður eftir hugmyndum þeirra um stefnumótun og löggjöf um frístundaheimili og setningu viðmiða um starfsemina. Á vef sambandsins má finna [upplýsingar um fundinn og skráningu](#).

Þess er vænst að yfirmenn frístundaheimila í sveitarfélögum og sveitarstjórnarmenn mæti til fundarins og leggi umræðunni lið.



*Hlutfall svarenda sem telja æskilegt/óæskilegt að mótaður sé miðlægur rammi um starfsemi frístundaheimila.*

# Ungt fólk og lýðræði



Ungmennaráðstefnan, *Ungt fólk og lýðræði*, var haldin á Ísafirði 9.–11. apríl sl. Þetta er í fimmta sinn sem Ungmennafélag Íslands stendur fyrir því að halda ráðstefnuna í þeim tilgangi að styðja við lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var „Stjórnsýslan og við – áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna“ Þema ráðstefnunnar er mikilvæg ungu fólki sem mörg hver eru að ganga til kosninga í vor í fyrsta skipti.

Að þessu sinni sóttu sjötíu einstaklingar ráðstefnuna, bæði ungmenni sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið og starfsmenn sem sjá um málefni ungmenna í sínu sveitafélagi.

Almenn ánægja var meðal þátttakenda með ráðstefnuna og vonandi er ungmennaráðstefnan, *Ungt fólk og lýðræði*, búin að skapa sér fastan sess í stuðningi við ungt fólk til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.



# ÆSKULÝÐSMÁL

## Vilja lækka kosningaaldur í sveitarstjórnar- kosningum í 16 ár

Á ráðstefnunni *Ungt fólk og lýðræði* sem fjallað er um á síðunni hér til hliðar var samþykkt ályktun sem send var til ríkis og sveitarfélaga. Hér að neðan má sjá nokkra punkta en [ályktunina í heild sinni má lesa á vef sambandsins](#).

Ráðstefnan *Ungt fólk og lýðræði* haldin á Ísafirði 9.–11. apríl 2014, skorar á stjórnvöld, jafnt ríki sem sveitarfélög, að leita meira til ungmenna og taka tillit til þeirra skoðana á málefnum samfélagsins, einkum þeim er varða ungmennin sjálf.

- Við hvetjum öll ungmenni til þess að stíga fram og sýna áhuga á málefnum líðandi stundar til þess að auka virðingu og traust til ungmenna um allt land.



- Við teljum nauðsynlegt að efla gagnrýna hugsun og sköpunargleði nemenda í skólum landsins.
- Við viljum að jafnréttis- og kynjafræði verði hluti af grunn- og framhaldsskólanámi á Íslandi.
- Við viljum fræðslu um fjármálalæsi og stjórnsmál á öllum stigum skólakerfisins.
- Við leggjum til að kosningaraldur í sveitastjórnarkosningum verði lækkaður niður í 16 ára. Með þeim hætti gæti ungt fólk tekið virkan þátt í stjórnámum í sínu nærumhverfi til þess að auka áhuga ungs fólks á stjórnámum. Myndi það stuðla að virkri þátttöku ungmenna síðar meir á stjórnámum.

# ALÞINGI

## Fjölmörg ný þingmál á dagskrá



Ríkisstjórnin lagði fram allmörg ný þingmál rétt fyrir lok framlagningarfrests í mars. Óljóst er um afdrif margra þeirra mála þar sem ekki eru margir starfsdagar eftir á Alþingi nú í vor. Þau mál sem eflaust ber hæst eru frumvörp um:

- [um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána](#) og
- [um heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.](#)

Bæði þessi mál eru nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Önnur frumvörp sem mælt var fyrir áður en Alþingi fór í páskaeyfi og varða sveitarfélögin eru m.a. frumvörp um:

- [um breytingar á skipulagslögum](#) og
- [um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.](#)

Umsagnir um bæði þessi mál eru í vinnslu hjá lögfræðingum sambandsins.

Fyrstu umræðu er enn ólokið um nokkur stjórnarfrumvörp sem varða sveitarfélög og má sérstaklega nefna

- [frumvarp um breytingar á vegalögum,](#)
- [frumvarp um breytingar á lögum um húsaleigubætur](#) og
- [frumvarp til laga um varnir gegn gróðureldum.](#)

Tvö fyrstnefndu málin eru lögð fram að undangengnu samráði við sambandið en eingöngu var haft samráð um mat á kostnaðaráhrifum vegna síðastnefnda málsins, sem nú er aðeins lagt fram til kynningar.

Að sjálfsögðu eru síðan fjölmörg þingmál enn til umfjöllunar í nefndum en af þeim málum sem snúa að sveitarfélögum ber væntanlega hæst frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, sem sambandið sendi ítarlega umsögn um í byrjun þessa árs.



# Siðanefnd sambandsins tekin til starfa



Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður siðanefndar, Sigurður Kristinsson formaður, Anna Guðrún Björnsdóttir og Erling Ásgeirsson varaformaður á fyrsta fundi nefndarinnar þann 7. apríl sl.

Þann 7. apríl sl. tók siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga til starfa. Nefndin starfar á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og getur hún veitt álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim.

Helstu verkefni nefndarinnar eru eftirfarandi:

- Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
- Að gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.
- Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.

- Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.

Í nefndinni sitja:

- Sigurður Kristinsson, formaður, heimspekingur og prófessor á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri
- Erling Ásgeirsson, varaformaður, bæjarfulltrúi í Garðabæ
- Anna Guðrún Björnsdóttir, lögfræðingur og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðarsviðs sambandsins

Starfsmaður og ritari nefndarinnar er Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur og sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

# UMHVERFISMÁL

## Innkaupapokar úr plasti bannaðir í Evrópu?

Ár hvert enda átta milljarðar plastpoka í ruslinu í Evrópu. Flestir burðarpokar úr plasti eru aðeins notaðir einu sinni - í um 20 mínútur að meðaltali - en þeir brotna ekki niður lífrænt, heldur molna á hundruðum ára í smærri einingar sem að endingu verða að svokölluðu plastyki. Plastykið endar í sjónum og blandast loks við fæðu fugla og fiska og mengar þannig alla fæðukeðjuna og vistkerfið. Plastpokar sem velkjast á landi og sjó stofna dýralífi einnig í hættu en plastrusl í hefur verulegan kostnað í för með sér. Þannig er áætlað að kostnaður útgerða í Skotlandi vegna plasts, sem flækist í veiðarfæri, skrúfur, vatnsinntök o.fl., samsvari um 5% af tekjum útgerðarfyrirtækjanna.

Þegar hafa nokkur ríki náð umtalsverðum árangri í að draga úr plastpökunotkun og talið er að ef fleiri færu að ráði þeirra væri hægt að draga úr heildarnotkun plastpoka í Evrópu um allt að 80%. Í dag nota Danir og Finnar að meðaltali 4 poka á ári en hver Pólverji, Portúgali og Slóvakí 466 poka. Vinna er því hafin við breytingar á Evrópulöggjöf til að draga umtalsvert úr plastpökunotkun í álfunni. Breytingarnar



falla undir EES-samninginn og koma því til framkvæmdar hér á landi.

Sveitarfélög (Svæðanefnd ESB) og Evrópuþingið leggja til að bannað verði að gefa plastpoka í verslunum og dregið verði úr notkun um 50% fyrir 2017 and 80% fyrir 2019. Eftir árið 2019 verði aðeins pokar úr endurnýttum pappír eða niðurbrotanlegum efnum í umferð.

Íslendingar eru langt á eftir öðrum Norðurlandþjóðum þegar kemur að umhverfisvitund, en áætlað er að hver Íslendingur noti að meðaltali 218 burðarpoka á ári. Um 70 milljón burðarpokar úr plasti enda í ruslinu, mögulega um 1.120 tonn af plasti en til þess að framleiða slíkt magn þarf um 2.240 tonn af olíu. Að undanfögnu hefur nauðsyn þess að draga úr plastpokanotkun verið nokkuð til umræðu en í Landsáætlun um úrgang 2013–2024, sem

umhverfis- og auðlindaráðherra birti í fyrra, er gert ráð fyrir að gripið verði til aðgerða til þess að draga úr notkun þeirra hér á landi.

Sveitarfélög eru einnig að vakna til vitundar um vandann, m.a. Garðabær, sem þegar hefur dreift margnota innkaupapokum inn á hvert heimili í bænum, og Hafnarfjarðarkaupstaður, sem stefnir að því að dreifa fjölnotapokum til bæjarbúa innan skamms.

## Könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna

Hag- og upplýsingasvið Sambands Íslenskra sveitarfélaga hefur í sjöunda sinn tekið saman upplýsingar um kjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og kjör starfandi sveitar- og bæjarstjóra. Þessar skýrslur hafa verið gerðar á tveggja ára fresti frá árinu 2002. Annars vegar er hún framkvæmd á kosningarári og hins vegar á miðju kjörtímabili.

Markmið þessa verks er að draga saman upplýsingar um þessi mál eftir mismunandi stærðum sveitarfélaga þannig að sveitarstjórnarmenn hverju sinni hafi yfirlit um hver kjörin í raun eru og hvernig dreifing þeirra er þegar tekin skal ákvörðun um slík mál. Með því að hafa tiltækar sambærilegar upplýsingar um þessi mál fæst einnig með tímanum gott yfirlit um hvernig þróun þeirra hefur verið gegnum árin.



## Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi



Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi og [sendi sambandið umsögn um málið dags. 4. apríl sl.](#)

Sambandið bendir á það í umsögninni að æskilegt hefði verið að leggja fram samhliða frumvarpi þessu frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Þá kemur fram að sambandið telur nauðsynlegt að tryggja aðkomu sveitarfélaga að ákvarðanatöku um fiskeldi og önnur málefni sem varða haf- og strandsvæði, a.m.k. með umsagnarhlutverki, þar til lögfest hafa verið ákvæði um skipulag þessara

svæða, lögsögu sveitarfélaga og önnur grundvallaratriði.

Í umfjöllun um 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um umsagnir sem afla skuli áður en rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 er veitt, bendir sambandið á að þar komi vel fram þörf fyrir stefnumörkun um nýtingu haf- og strandsvæða. Mikilvægt sé að umsagnir taki mið af stefnu um nýtingu á viðkomandi svæði í stað þess að þær séu veittar eingöngu með hliðsjón af þeirri starfsemi sem sótt er um leyfi fyrir hverju sinni.

## Skipulag haf- og strandsvæða

Árið 2013 fól umhverfis- og auðlindaráðuneytið Skipulagsstofnun að vinna greinargerð um skipulag haf- og strandsvæða og skilaði stofnunin skýrslu sinni í febrúar sl. Ráðuneytið óskaði á dögnum eftir ábendingum vegna mótunar laga um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. frétt á heimasíðu ráðuneytisins 27. mars sl.

Sambandið sendi [umsögn um skýrslu Skipulagsstofnunar og ábendingar til ráðuneytisins þann 25. apríl sl.](#)



Helstu efnisatriði í umsögn sambandsins eru, að mælt er með því að lögsaga sveitarfélaga verði útvíkkuð og ráðist af miðlínu á fjörðum og svæði sem nær sem nemur einni sjómílu út frá ystu nesjum og eyjum eða grunnlínu landhelginna þannig að strandsvæði verði öll innan lögsögu sveitarfélaga.

Einnig er bent á mikilvægi þess að skipulag á strandsvæðum verði heldur sett fram sem heimild í lögum en skylda til þess að valda ekki óþarfa kostnaðarauka fyrir sveitarfélög þar sem ljóst er að þörf fyrir slíkt svæðaskipulag er mjög misjöfn eftir landshlutum.

Jafnframt er þess getið í umsögninni að sambandið telur mikilvægt að í tillögugerð um málið verði horft til kostnaðaráhrifa hugsanlegra lagabreytinga fyrir ríki og sveitarfélög. Þá þurfi að líta til þess hverjir hafi helst hagsmuni af því að haf- og strandsvæðaskipulag verði unnið og hver ætti að vera kostnaðarhlutdeild slíkra aðila í skipulagsvinnunni.



## Sveitarstjórnarkosningar 31. maí

Eins og öllum er kunnugt fara sveitarstjórnarkosningar fram laugardaginn 31. maí nk. Þá verða kjörnir 504 fulltrúar til setu í 74 sveitarstjórnnum landsins til næstu fjögurra ára. Komi fram aðeins einn listi fyrir lok framboðsfrests á hádegi 10. maí, er sjálfkjörið í viðkomandi sveitarfélagi og kosning fer þá ekki fram á kjördag. Við sveitarstjórnarkosningar vorið 2010 var sjálfkjörið í fjórum sveitarfélögum.

Innanríkisráðuneytið heldur úti yfirgripsmiklum [kosningavef](#) og þar má finna ýtarlegar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir kjósendur og frambjóðendur. M.a. verða allir framboðslistar birtir á kosningavefnum þegar yfirferð þeirra er lokið.

Á vef [Hagstofu Íslands](#) eru birtar kosningaskýrslur og samantektir um sveitarstjórnarkosningar 2010 og um fyrri kosningar – allt aftur til ársins 1930. Þar má meðal annars lesa, að árið 2010 voru 225.855 eða 71,0% landsmanna á kjörskrá. Karlar á kjörskrá voru 112.233 (49,7%) og konur 113.622 (50,3%). Í kosningunum greiddu atkvæði 165.238 kjósendur í 72 sveitarfélögum, eða 73,5% af þeim 224.828 sem voru þar á kjörskrá. Var þessi þátttaka

ein sú dræmasta í sveitarstjórnarkosningum til þessa.

Þá hafa allir helstu fjölmiðlar landsins opnað sérstök vefsvæði á vefjum sínum með fréttum og upplýsingum um sveitarstjórnarkosningarnar. Þar eru m.a. birtar fréttir um framboðslista og fjárhagslegar upplýsingar um einstök sveitarfélög. Þeir fjölmiðlar sem þegar hafa opnað slíkar upplýsingarsíður eru: [Ríkisútvarpið](#), [Morgunblaðið](#) og [Vísir](#).



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2014/14

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi að heimildar sé getið.*